Nr. 23.
6.
nóvbr.

# Lög

um

breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og um viðauka við lög nr. 1. 9. jan. 1880.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram á hausthreppaskilaþingum í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það er nauðsynlegt.

2. gr.

Í öllum hreppum á landinu skal kjósa varasýslunefndarmenn og gilda sömu reglur við kosningu þeirra, sem við kosningu til sýslunefnda.

3. gr.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður að mæta á sýslufundi, skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefur sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður; þó er hann skyldur að taka á móti kosningu í hreppsnefnd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 6. nóvember 1897.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

**(L. S.)**

*Rump.*

Nr. 23. Lög 6. nóvbr. um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1. 9. jan. 1880.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 23.
6te Novbr.

om

## Forandring i Forordning om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Maj 1872, § 6 samt Tillæg til Lov Nr. 1 af 9de Januar 1880.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

**Gøre vitterligt:** Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Vedkommende Sysselforstanderskab har Ret til at tillade, at Valg til et Repsforstanderskab foretages paa Efteraars-Repstingene i de Repper, hvor saadant paa Grund af særlige lokale Forhold er nødvendigt.

§ 2.

I alle Landets Repper skulle vælges Suppleanter til Sysselforstanderskaberne, ved hvis Valg de samme Regler skulle gælde som ved Valg til Sysselforstanderskaber.

§ 3.

Naar et Sysselforstanderskabs-Medlem ved Forfald er forhindret i at indfinde sig til et Sysselforstanderskabsmøde, skal han underrette Suppleanten saa betids om sit Forfald, at denne kan indfinde sig til Mødet.

Suppleanterne have de samme Rettigheder og Forpligtelser som Medlemmerne af Sysselforstanderskaberne; dog er en Suppleant pligtig til at modtage Valg til Repsforstanderskabet.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1898.

**Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.**

**Givet paa Amalienborg, den 6te November 1897.**

---

**Ministeriet for Island, den 6te November 1897.**

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 23. Lov af 6te November om Forandring i Forordning om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Maj 1872, § 6 samt Tillæg til Lov Nr. 1 af 9de Januar 1880.